

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. febrúar 2025
UOS2501082/A.Þ.
13.05.00

Efni: Umhverfismat framkvæmda - Matsskyldufyrirspurn - Seiðaeldisstöð First Water að Öxnalæk

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 7. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð umhverfismati.

Framkvæmdarlýsing

First Water hf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) hefur starfsleyfi frá Umhverfis- og orkustofnun til að framleiða allt að 100 tonn af laxa- eða bleikjuseiðum á ári. Rekstrarleyfi stöðvarinnar sem er útgefið af Matvælastofnun er fyrir að hámarki 100 tonna lífmassa á hverjum tíma. Breytingin sem er til umfjöllunar í þessari tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu snýr því að því að starfsleyfinu verði breytt úr 100 tonna ársframleiðslu í 100 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma í samræmi við rekstrarleyfi Matvælastofnunar. Til að geta aukið framleiðslugetu þarf að bæta hrognamóttöku með því að setja upp þrjá framleiðslugáma með viðeigandi búnaði (hrognaskápa, loftara, síukerfi o.fl.). Rekstraraðili telur framkvæmdina ekki líklega til að raska umhverfi svæðisins umfram það sem nú er gert. Framkvæmdartími er áætlaður einn mánuður. Með breytingunni er áætlað að ársframleiðsla nemi um 250 tonnum.

Leyfi

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að Umhverfisstofnun og Orkustofnun voru lagðar niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa en hún tekur við verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun. Rekstraraðili mun því þurfa að sækja um bæði breytt starfsleyfi og nýtingarleyfi til Umhverfis- og orkustofnunar.

Áhrif á vatn

Fram kemur að rekstraraðili veiti frárennsli sínu í Varmá og að samkvæmt vatnavefsjá Veðurstofu Íslands sé vistfræðilegt ástand vatnshlotsins óflokkað en efnafræðilegt ástand sé skráð gott. Umhverfis- og orkustofnun bendir á þetta tiltekna vatnshlot hefur þau umhverfismarkmið að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Reksturinn má ekki valda því að ástandi vatnshlotsins hraki, hvorki tímabundið né varanlega. Stofnunin bendir á að rekstraraðila verður gert að skila inn mati á áhrifum fyrirhugaðra breytinga á starfseminni á vatnshlotið Varmá þegar umsókn um breytingu á starfsleyfi berst. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í leiðbeiningarritinu *Mat á áhrifum*

framkvæmda og starfsemi á vatnshlot er að finna upplýsingar um hvernig beri að framkvæma slíkt mat.¹ Að auki bendir stofnunin á að í starfsleyfi verða kröfur gerðar um að rekstraraðili vakti gæðabætti straumvatnshlotsins til að hægt verði að skera úr um álag starfseminnar á vatnshlotið og leggja mat á ástand þess. Komi í ljós að vatnshlotið uppfylli ekki umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir það skal rekstraraðili ráðast í aðgerðir til að draga úr álagi.

Samkvæmt tilkynningarskýrslu er áætlað að vatnstakan úr grunnvatnshlotinu *Ölfusstraumur Forir* verði aukin um u.þ.b. 20 l/s og verði í heildina 140 l/s. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að umhverfismarkmið grunnvatnshlota eru að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Bæði magnstaða og efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins *Ölfusstraums Fora* er óþekkt vegna skorts á gögnum.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 er nýting auðlinda úr jörðu er háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar, hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögum. Nýtingarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögum þessum og Umhverfis- og orkustofnun telur nauðsynlega.

Losun frá eldi

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í starfsleyfum stofnunarinnar er sett krafa um að losun fosfórs í frárennsli megi ekki fara yfir 7,0 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári og losun niturs megi ekki fara yfir 60 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Í tilkynningarskýrslunni kemur fram að árleg losun eftir stækkun verði 2,38 tonn fosfór, 11,23 tonn nitur og 31,25 tonn heildarkolefni en stuðst er við líkan norsku umhverfisstofnunarinnar (Miljødirektoratet) við útreikningana.

Í eftirliti stofnunarinnar með núverandi starfsemi kom í ljós að efnalosun árið 2022 hafði verið talsvert yfir leyfilegum mörkum í starfsleyfi. Síðan þá hefur hreinsibúnaður verið bættur og mælingar frá 2023 gefa til kynna að losun sé ekki eins há. Umhverfis- og orkustofnun telur að með uppfærslu og stækkun á núverandi hreinsibúnaði og lækkuðum fóðurstuðli eins og fjallað er um í tilkynningarskýrslu megi koma í veg fyrir að efnalosun verði yfir mörkum. Í starfsleyfi verður rekstraraðila gert skylt að skila niðurstöðum mælinga til eftirlitsaðila. Einnig verða ákvæði um að Umhverfis- og orkustofnun sé skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið ef t.d. mengun er meiri en búist var við.

Niðurstaða

Umhverfis- og orkustofnun telur að framkvæmdin eins og hún er sett fram í tilkynningarskýrslu rekstraraðila sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfiáhrif og sé því ekki háð umhverfismati.

¹ [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#)

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur



Umsögn

Skipulagsstofnun

Borgartún 7

105 Reykjavík

Vegna Seiðaeldisstöðvarinnar að Öxnalæk, Hveragerðisbæ. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdar. Umsögn Hveragerðisbæjar.

First Water hf. Hefur uppi áform um að stækka seiðaeldisstöð fyrirtækisins að Öxnalæk í Hveragerði. Vegna þessara áforma hefur Skipulagsstofnun beðið ýmsa aðila að skila inn umsögn vegna hugsanlegrar þarfar á mati á umhverfisáhrifum. Eftirfarandi er umsögn Hveragerðisbæjar.

Samkvæmt núgildandi starfsleyfi frá Umhverfisstofnun er heimilt að framleiða allt að 100 tonnum af laxa- eða bleikjuseiðum á ári til flutnings í aðrar fiskeldisstöðvar. Rekstrarleyfi stöðvarinnar sem útgefið er af Matvælastofnun gefur leyfi fyrir 100 t. standandi hámarkslífmassa. Fyrirhugað er að auka klak úr hrognum, auka framleiðslu stöðvarinnar og samræma rekstrar- og starfsleyfi svo bæði leyfi segi til um 100 t. hámarkslífmassa á hverjum tíma. Framkvæmdin krefst þess vegna breytingar á leyfum skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Til þess að auka framleiðslugetu stöðvarinnar telur félagið að einungis þurfi að bæta núverandi hrognamóttöku með uppsetningu á þremur framleiðslugámum sem innihalda viðeigandi búnað. Félagið telur framkvæmdina því ekki vera veigamikla og ekki líklega til þess að raska umhverfi svæðisins umfram það sem nú er gert.

Þetta misræmi í starfsleyfi Umhverfisstofnunar annars vegar og rekstrarleyfis stöðvarinnar frá Matvælastofnun er athyglisverður og mjög eðlilegt að það verði samræmt. Það þýðir hins vegar að ársframleiðslan fari úr 100 tonnum í 250 tonn. Að aðeins þurfi að bæta hrognamóttöku þýðir að töluverður slaki er í núverandi framleiðslu miðað við getu sem gæti vissulega skýrst af þessu misræmi í upphafi en það mætti samt gera betur grein fyrir þessu atriði.

Vinna við endurskoðun aðalskipulags Hveragerðisbæjar stendur yfir. Landnotkun fyrirhugaðrar hrognamóttöku er í samræmi við gildandi aðalskipulag en skoða þarf í endurskoðuninni hvort að heimild til framleiðslu á laxa- og bleikjuseiðum verði uppfærð úr 100 tonnum í 250 tonn, eins og framkvæmd gengur út á. Sé horft til áhrifa á umhverfi er um að ræða 150% aukningu á framleiðslu stöðvarinnar. Þar sem affall stöðvarinnar er í Varmá þarf að huga vel að þeim afleiðingum sem það hefur og þá helst á losun næringarefna í ána. Samkvæmt tölum frá First Water er gert ráð fyrir að losun á Fosfór (P) verði 2,38 tonn á ári og á Nitri (N) 11,23 tonn. Þetta er nokkuð magn en á móti kemur að þynning er mikil þar sem losun eldisvökva verðum um 4,5 milljón rúmmetra. Fyrirtækið hefur nú þegar náð árangri í að hreinsa fráveitu stöðvarinnar og gert er ráð fyrir að auka þær mótvægisáðgerðir til samræmis við fyrirhugaða stækkun.

Athyglisvert er að ákveðið ósamræmi er milli talna í töflu á blaðsíðu 7 og áætlaðrar losunar stöðvarinnar eftir stækkun. Tekið er fram að áætlunin sé unnin út frá líkani frá Norsku umhverfisverndarstofnuninni meðan taflan er úr grænu bókhaldi fyrirtækisins fyrir árið 2023. Ef þessar tölur úr græna bókhaldinu væru yfirfærðar á áætlaða stækkun yrði losun fosfórs lítillaga minni en losun niturs lítillaga meiri en þegar miðið er við líkanið Norska. Hvers vegna þetta misræmi á sér stað væri gott að fá skýringar á. Annað misræmi sem sést á þessum gögnum er magn á dauðfiski en fyrirtækið gerir í skýrslunni ráð fyrir að um 0,4% afföll verði en samkvæmt grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var dauðfiskur 61.332 kílógrömm. Hugsanlega er þarna um innsláttarvillu að ræða enda eru 61% afföll miðað við 100 tonna framleiðslu líklega ekki sjálfbær. Þessu þyrfti þó einnig að svara.

Þegar horft er til mælinga á affalli stöðvarinnar á blaðsíðum 25 og 26 kemur fram að árið 2024 virðist efnafræðilegt ástand þess vera vel viðunandi. Það virðist því vera svo að hin mikla þynning sem á sér stað á eldisvökvanum og mótvægisáðgerðir skili sínu. Það má því gera ráð fyrir því að með auknum mótvægisáðgerðum samhliða fyrirhugaðri uppbyggingu að lífríki Varmár stafi lítill ógn af þeim næringarefnum sem verða til.

Hveragerðisbær telur að framkvæmdinni sé lýst nægjanlega vel að flestu leyti og telur að framkvæmdin þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum en skýra mætti betur nokkur atriði. Einnig telur Hveragerðisbær að leita ætti til Veiðifélags Varmár og Þorleyfislækjar vegna þessa máls þar sem land -og veiðiréttareigendur eigi mikilla hagsmuna að gæta þegar kemur að fiskeldi við Varmá.

Virðingarfyllt,

Höskuldur Þorbjarnarson umhverfisfulltrúi

Hildur Gunnarsdóttir skipulagsfulltrúi



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 4. febrúar 2025
Tilv.2025-01-07-0019

Efni: Varðar umsagnarbeiðni vegna breytinga á seiðældisstöð First Water að Öxnalæk

Með erindi úr Skipulagsgátt, dags. þann 7. janúar 2025, leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda sem varða fyrirhugaða umsagnarbeiðni vegna breytinga á seiðældisstöð First Water að Öxnalæk. Málið er nú í umsagnarferli og er nr. 0010/2025.

Á þessu stigi máls vill Fiskistofa benda á að ábótavant er að fjallað sé um lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Þar kemur fram að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði kunni að vera háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Einnig hvetur Fiskistofa framkvæmdaraðila til þess að horfa til umsagnar Hafrannsóknastofnunar í málinu, dags. þann 3. janúar 2025, þar sem fram kemur að stofnunin telji að enn sé spurningum ósvarað og að þeim verði betur svarað með formlegu mati á umhverfisáhrifum.

Miðað við forsendur í fyrirliggjandi gögnum telur Fiskistofa því nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,
F.h. Fiskistofu

Hera K. Aradóttir

Hera K. Aradóttir
Sérfræðingur á lax- og silungsveiðisviði

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfirði 03.01.2025
Mál 2025-01-0007

Tilvísun: Seiðaeldisstöðin að Öxnalæk, Hveragerðisbæ. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdar.

Framkvæmdin

First Water hf. stundar landeldi á laxi. Félagið stendur að uppbyggingu áframeldisstöðvar við Laxabraut í Ölfusi og á einnig og rekur seiðastöð að Öxnalæk í Hveragerði. Seiðaeldisstöðin að Öxnalæk hefur verið starfandi í rúmlega 50 ár og hefur þar verið stundað bæði seiða- og þauleldi á bleikju ásamt seiðaeldi á laxaseiðum. Frá árinu 2022 hafa einungis verið alin upp laxaseiði í stöðinni fyrir áframeldisstöð First Water hf. við Laxabraut í Þorlákshöfn. Samkvæmt núgildandi starfsleyfi frá Umhverfistofnun er heimilt að framleiða allt að 100 tonnum af laxa- eða bleikjuseiðum á ári til flutnings í aðrar fiskeldisstöðvar. Rekstrarleyfi stöðvarinnar sem útgefið er af Matvælastofnun gefur leyfir fyrir 100 t. standandi hámarkslífmassa. Fyrirhugað er að auka klak úr hrognum, auka framleiðslu stövarinnar og samræma rekstrar- og starfsleyfi svo bæði leyfi segi til um 100 t. hámarkslífmassa á hverjum tíma. Við 100 t hámarkslífmassa verður 1,5 földun á fiskframleiðslu í stöðinni eða úr 100 t í 250 t. Framkvæmdin krefst þess vegna breytingar á leyfum skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Tilkynning til Skipulagsstofnunar um ákvörðun til matsskyldu fellur einnig undir 19. gr. laga nr. 111/2021 og tl. 13.02 í 1. viðauka við lögin. Til þess að auka framleiðslugetu stöðvarinnar telur félagið að einungis þurfi að bæta núverandi hrognamóttöku með uppsetningu á þremur framleiðslugámum sem innihalda viðeigandi búnað. Félagið telur framkvæmdina því ekki vera veigamikla og ekki líklega til þess að raska umhverfi svæðisins umfram það sem nú er gert. Með því að kaupa nauðsynlegan búnað í tilbúnum einingum er gert ráð fyrir mikilli styttingu á framkvæmdartíma en hann er áætlaður um einn mánuður.

Núverandi seiðaeldi mætti skipta í tvennt þar sem fiskur er alinn frá hrogni fram að bólusetningu innandyrá og frá bólusetningu til og með smoltunar í útikerjum. Innandyrá eru ásamt hrognaskápum 27 kör sem samtals rúma um 420 m³. Útisvæði telur svo 7 kör í rekstri sem samtals rúma um 760 m³. Öll innikerin eru gerð úr trefjaplasti en útikerin eru úr trefjaplasti með steypum botnum.

Framkvæmdaaðili telur að ekki sé um veigamikla framkvæmd að ræða. Til þess að stækka hrognaaðstöðu stöðvarinnar hefur verið hönnuð ný hrognamóttaka sem samanstendur af þremur samliggjandi gámum sem innihalda nauðsynlegan búnað svo sem hrognaskápa, loftara, síukerfi o.fl. Við yfirferð Hafrannsóknastofnunar komu fram atrið sem þarf að athuga:

- Ljóst er að með auknum lífmassa verður þörf á meiri vatnsnotkun sem gert er ráð fyrir að aukist úr 122 l/s í 143 l/s.
- Gert er ráð fyrir að notaðar verði stærri hreinsitromlur eftir breytinguna og að þær ráði við meira lífrænt efni og meira vatnsmagn.

- Í viðauka V í tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu fyrir seiðaeldisstöðina að Öxnalæk eru niðurstöður efnagreininga frá Sýni sem sýna styrk P og N-total neðan við tromlusíu. Þær niðurstöður sýna að þar er ofauðgað vatn miðað við reglugerð um varnir gegn mengun vatns <https://island.is/reglugerdir/nr/0796-1999>. Þar er einnig mæling á ammóníaki í sýni sem safnað var ofan við útrennsli í Varmá og það var sagt vera 23 mg/l. Sú tala er ólíkleg og þarf að skoða hvort þar sé ekki um innsláttarvillu að ræða þar sem 2,3 mg/l er mun líklegt tala
- Á bls. 8 í kynningu á framkvæmdinni segir: *Áður en núverandi rekstraraðili tók við var losun út í Varmá sennilega töluvert meiri en nú er. Það sést til að mynda á að veiði í Stöðvarhyl í Varmá sem staðsettur er við útfall stöðvarinnar hefur hrunið (Það sést á veiðitölum áður en ánni var lokað fyrir veiði vegna mengunar frá hreinsistöð bæjarins). Þekkt er að villtur fiskur safnast upp við útfall eldisstöðva og nýtir sér fæði sem þar fellur til.*
- Telja má mikilvægt að fylgja þessum upplýsingum frekar eftir hvort að um geti verið að ræða fiska sem sækja í fóðurleifar eða fiska sem mögulega hafa sloppið úr eldisstöð í gegn um varnir.
- Í framhaldi er rætt um sleppi og mengunarvarnir þar sem fjallað er um mikilvægi þess að koma upp búnaði til að hindra að fiskar sleppi úr eldisstöðinni. Slíkt er ávallt mikilvægt en ekki síst þegar alinn er kynbættur fiskur af norskum eldisstofni. Í Varmá hafa veiðst laxaseiði sem hafa greinst af hreinum norskum uppruna. Seiðin voru veidd rétt neðan útfalls frá eldisstöðinni á Öxnalæk. Ekki er ljóst hvaðan þau hafa komið þar sem ekki hefur enn tekist að rekja uppruna þessar fiska. En þar sem um hreina norskættað laxa er að ræða hefði þurft hrygningu frá pari af norskum uppruna. Frekari rannsókn er þörf til að greina uppruna þessara seiða. Virkni sleppivarna ættu ætíð að vera í fyrirrúmi hjá eldisaðilum líkt og fram kemur í áætlunum First Water.
- Miðað við gefnar forsendur er reiknuð áætluð losun á N og P sem fram koma í viðauka við núverandi losun á **P-total 460-730 tonn á ári** (miðað við lágmarksfóðrun og hámarksfóðrun) og **N-total 6100-10800 tonn á ári** miðað við lágmarks og hámarksfóðrun og rennsli 122 l/s. Mikilvægt er að greina hver áætluð losun komi til með að verða eftir stækkun og hvort viðtakinn, Varmá, þoli þá aukningu.
- Í útreikningum á bls. 7 er áætluð árleg losun N og P eftir stækkun miðað við 250 tonna árlega framleiðslu miðað við 1:1 fóður:fiskur. Það eru 2,38 tonn P og 11,23 tonn N. Mikilvægt er að yfirfara hvort þessir útreikningar séu réttir. Til samanburðar þá er áætlaður framburður á uppleystu N- og P-total í Sogi 32 tonn P og 159 tonn á ári. Miðað við augnabliksrennsli þegar sýni er tekið, ársmeðalrennsli 107 m³/s og styrk efnanna sem mældur er í ánni 4 sinnum ári (rennsli affallssins er 0,122 m³/s). (https://www.hafogvatn.is/static/research/files/hv2024_26.pdf).
- Varmá er þegar undir álagi sem mun aukast með auknu álagi á viðtakann þegar framleiðsla verður aukin. Líta þarf að samlegðaráhrif frá annarri starfsemi því álag er fyrir á vatnshlotið þar sem eldisstöðvar í Ölfusi hafa verið stækkaðar á síðustu árum. Þá hefur íbúum á vatnasvæðinu fjölgað og hreinsibúnaður og fráveita í þannig ólagi að veiði í Varmá hefur verið stöðvuð vegna mengunar af völdum saurgerla. Þá vill Hafrannsóknastofnun benda á að verið er að ala norskan kynbættan eldislax í eldisstöð með frárennsli til Varmár. Varmá er inni á einu stærsta vatnasvæði landsins með stóra náttúrulega laxastofna. Afar mikilvægt er að koma í veg fyrir að fiskar sleppi sem valdið geta erfðablöndun.

- Benda verður á að bæði Veiðifélag Varmár og Veiðifélag Árnesinga geta átt hlut að máli sem hagaðilar og því geti verið rétt að leita álits þeirra.

Hafrannsóknastofnun telur að samkvæmt fyrirbyggjandi framkvæmdalýsingu hafi First water áform um að standa vel að umhverfismálum. Rétt er þó að hafa í huga að um er ræða 2,5 falda aukningu á framleiðslu með frárennsli í viðkvæman viðtaka sem þegar er undir álagi. Hætta getur verið á seiðaleka frá stöðinni af norskum eldislaxi þrátt fyrir mótvægisaðgerðir. Hafrannsóknastofnun telur að enn sé spurningum ósvarað sem taldar eru upp hér að framan. Þeim verði því betur svarað með formlegu mati á umhverfisáhrifum.

Hafrannsóknastofnun er rannsókn- og ráðgjafastofnun og hefur ekki með leyfisveitingar til framkvæmda að gera.



Guðni Guðbergsson
Sviðsstjóri ferskvatns- og eldissviðs

Akureyri, 29.01.2025

Tilvísun: 2501208

Umsögn Matvælastofnunar um tilkynningu First Water hf. um fyrirhugaða breytingu á seiðaeldisstöð að Öxnalæk.

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar, dagsett 7. janúar 2025, um umsögn Matvælastofnunar vegna tilkynningar First Water hf. um breytingu á seiðaeldisstöð að Öxnalæk. Óskað er umsagnar um hvort breytingin sé til þess fallin að framkvæmdin þurfi í umhverfismat.

Breyting sem kynnt er fjallar aðallega um stækkun á hrognaaðstöðu og hrognamóttöku stöðvarinnar. Einnig er fjallað um að samræma heimildir sem felast í rekstrarleyfi annars vegar og starfsleyfi hins vegar. Núverandi rekstrarleyfi heimilar allt að 100 tonna hámarkslífmassa en starfsleyfið er eingögnu gefið upp fyrir 100 tonna framleiðslu.

Rekstaraðili hefur þegar heimild fyrir 100 tonna hámarkslífmassa í rekstrarleyfi og því telur Matvælastofnun, að breytingin hafi ekki ekki í för með sér að breyta þurfi skilmálum í rekstrarleyfi.

Matvælastofnunar gefur út rekstrarleyfi til fiskeldi og hefur eftirlit með rekstri og búnaði í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi, nr. 540/2020, auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með velferð og fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Matvælastofnun telur að framkvæmdinni sé lýst nægjanlega vel og gerir ekki athugasemdir er varða fisksjúkdóma og forvarnir gegn þeim og telur að góð grein sé gerð fyrir fiskheldni stöðvarinnar í tilkynningu. Stofnunin telur ekki ástæðu til þess að farið verði fram á umhverfismat m.t.t. útgáfu rekstrarleyfis, rekstrarleyfisskýrða eða sjúkdómavarna vegna breytingarinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar



Steinar Rafn Beck Baldursson
Fagsviðsstjóri leyfamála



Austurvegur 65a - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 31. janúar 2025
2501015HS SHJ

Efni: Breyting á seiðaeldisstöð First Water að Öxnalæk, nr. 0010/2025 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd

Þann 9. janúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar aukningar á framleiðslugetu seiðaeldisstöðvar First Water að Öxnalæk við Hveragerði.

Seiðaeldisstöðin hefur skv. starfsleyfi Umhverfisstofnunar heimild til að framleiða allt að 100 tonn af ári af laxa- eða bleikjuseiðum en fyrirhugar að auka framleiðsluna þannig að hámarks lífmassi á hverjum tíma verði 100 tonn eins og rekstrarleyfi Matvælastofnunnar heimilar. Við breytinguna er áætlað að ársframleiðsla verði um 250 tonn. Til að auka framleiðsluna verður þremur tilbúnum framleiðslugámum sem innihalda viðeigandi búnað komið fyrir innan lóðar stöðvarinnar norðan við núverandi húsnæði. Landrýmið undir gámaeiningarnar er um 8 m*20 m og verður aðstaðan tengd við núverandi vatnslagnir sem liggja að hluta til á yfirborði. Gert er ráð fyrir að auka þurfi vatnstöku úr vatnsbólum stöðvarinnar úr 122 l/sek í um 140 l/sek. Þá verður fráveita frá nýju hrognaaðstöðunni tengd við núverandi hreinsibúnað og affall frá stöðinni. Til staðar eru viðbragðsáætlanir vegna m.a. bráðamengunar, smitvarna og stroks og vöktunaráætlanir vegna vöktunar gæða eldisvökva og vegna losunar fráveitu frá stöðinni í viðtaka.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu hverfandi að teknu tilliti til fyrirhugaðra mótvægisáðgerða og vöktunar. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands kemur ekki að neinum leyfisveitingum er varða ofangreinda framkvæmd.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi